

Tillaga mannréttinda- og lýðræðisráðs, dags. 5. júlí 2018

Lagt er til að öll salerni fyrir starfsfólk í stjórnsýsluhúsum Reykjavíkurborgar, þ.e. á Höfðatorgi og í Ráðhúsi, verði gerð ókyngreind frá og með hausti 2018. Samráðsferli við starfsfólk fari fram áður en að farið verði í framkvæmdir.

Í framhaldi verði gerð úttekt á klefa- og salernisaðstæðum í húsnæði þar sem Reykjavíkurborg veitir þjónustu. Þetta verði gert í samráði við þau hagsmunasamtök er málið varðar. Mannréttindaskrifstofu verði falið að útfæra nánar með hvaða hætti þetta verði unnið.

Að þessu loknu verði lagðar fram tillögur til úrbóta sem taki mið af ólíkum þörfum borgarbúa og þeirra sem heimsækja borgina.

Greinargerð:

Kyngreind salerni og klefar í skólum og sundlaugum leiða til þess að ýmsir telja sig ekki geta nýtt sér þjónustu borgarinnar sem leiðir af sér mismunun. Með því að hafa salernin öllum opin og sérklefa þar sem það á við er komið til móts við þarfir margra hópa, svo sem:

- Trans fólk (og börn), þ.m.t. kynsegin fólk
- Intersex fólk (og börn)
- Foreldrar fatlaðra barna og barna sem þurfa sérstaka aðstoð og eru af öðru kyni
- Fatlað fólk með aðstoðarmann af öðru kyni
- Börn að aðstoða foreldra sem eru af öðru kyni

Sérklefar nýtast einnig fólki með heilsufarsvanda, svo sem stóma.

Ókyngreind salerni ættu einnig að skapa öruggara rými fyrir trans og intersex fólk og leiða til þess að þau verði síður fyrir fordómum.